



Nýjungar í hótélrekstri

Ráðgjöf, Innleiðing og Útvistunar lausnir fyrir hótél

Í framtíðinni munu hótéleigendur einblína á kjarnastarfsemi hótela. Það þýðir að sem mest af þeirri vinnu sem ekki snýr beint að gestum er unnin af öðrum en starfsmönnum hótelsins. Þetta á við um bókanir, næturvaktir og öryggisþjónustu, þrif, bókhald, markaðsmál og upplýsingatækniþjónustu. Sérhæfð fyrirtæki á þessu sviði munu sinna þessum hluta starfseminnar.

Eldfell Innovation IVS, er nýsköpunarfyrirtæki sem hjálpar hótélum og gististöðum að ná aukinni framlegð og hagnaði með nýrri upplýsingatækni



Með útvistun verk- og kerfisferla er hægt að ná betri og hagkvæmari árangri í rekstri. Eftirfarandi rekstrarþætti getur verið hagkvæmt að bjóða út.

- Næturvakt og öryggisþjónusta
- Bókunarþjónusta, verðstýring og umsjón sölurása
- Markaðsþjónustu s.s. innleiðingu og framkvæmt markaðs- stefna, öflun tengsla við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggiendur
- Rekstrarþjónustu s.s. Stjórnun, innheimtu, Bókhald og uppgjör, fjárstýringu og arðsemisgreiningar, Upplýsingatækni

„Ekki missa af lestinni, vegna gamaldags vinnubrögða og hugsunarháttar“

Sjálfvirkni verkferla og sjálfsafgreiðsla getur dregið úr kostnaði og aukið tekjur.

- Sjálfþjónusta þýðir ekki skort á þjónustu
- Starfsfólk getur einbeitt sér að því sem skiptir mestu máli
- Sjálfsinnritun skapar möguleika á aukinni sölu og tekjum
- Rétt gestagögn eru í ker-



Sønderborg, Danmark
Tel. +45 60842037

Útibú:
Hella, Ísland
Tel. Isl. +354 6150932

Netfang: sigurjon@eldfell.dk
Veffang: www.eldfell.dk

www.eldfell.dk

Hvernig vinnum við

Eldfell Innovation einblínir á hag gististaða og er því ekki háð neinum einum hugbúnaði, heldur vinnur út frá heildarlausn til að ná hámarks framlegð og hagnaði fyrir hótél og gisti- staði.

Eldfell Innovation vinnur bæði með þeim hugbúnaði sem þegar er til staðar og nýjum hugbúnaði, og metur þær lausnir sem eru hagkvæmastar hverju sinni, hvort sem það er heildar- eða viðbótalausnir.

Dæmi um verkefni sem hægt er að sjálfvirknivæða

- Með því að sjálfvirknivæða allt bókunarferlið, frá því að gestur bókar, greiðir, innritar sig og skráir sig út, er hægt að lækka launakostnað hótela verulega.
- Hægt er að minnka kostnað við bakvinnslu með sjálfvirkum reikningum og innheimtu.
- Sjálfvirknivæðing hurðalása með símaöppum eða pinnkóða auka skilvirkni, sem hluti af bókunarferlinu.

Dæmi um verkefni sem hægt er að útvista

- Næturvakt og öryggisþjónusta getur lækkað kostnað, þar sem sérhæfð fyrirtæki sinna mörgum hótélum á sama tíma.
- Með útvistun á bókunarþjónustu, verðstýringu og umsjón sölurása er hægt að spara fastan launakostnað og auka tekjur, þar sem sérhæfð fyrirtæki nýta sér nýjustu tækni í sjálfvirkni og síun tölvupósta, skilvirkari svörun, betra yfirsýn með breytingum á markaði o.s.frv. Greiðsla fyrir slíka vinnu getur verið í formi fast verðs á bókun eða árangurstengda tekjubóknun.
- Lítil hótél hafa oft ekki ráð á því að ráða markaðs- eða sölumanneskju í fast starf og því getur verið nauðsynlegt að auka tekjur með því að útvista markaðsþjónustu og sölustarf til fyrirtækja sem sérhæfa sig í slíku samskiptaverkefnum.
- Með því að bjóða út rekstrarþjónustu s.s. stjórnun, innheimtu, bókhald, fjárstýringu og eftirlit með upplýsingakerfum hótelsins, er hægt að lækka kostnað og tíma sem hótélstjórnendur geta þá nýtt í stefnu- mótun, meiri frítíma með fjölskyldu o.s.frv.

Eldfell Innovation IVS aðstoðar við þarfagreiningu verk- og kerfisferla hótela og gististaða.

Bókunarferli geta verið kostnaðarsöm fyrir hótél og gististaði. Hvað kostar hver bókun, frá því að hún er stofnuð á bókunarsíðu þar til gestur hefur verið skráður út?

Í bókunarferlinu geta legið of mörg mannleg handtök eða of mikill kostnaður kerfisferla. Nauðsynlegt er að hafa yfirsýn yfir þessa kostnaðarþætti og hvernig hægt er að ná meiri framlegð út úr bókunum.

Bókunarkerfi geta verið æði misjöfn og mis-kostnaðarsöm. Því geta legið töluverðir hagsmunir í of kostnaðarsömu bókunarferli.

Fáðu sérfræðing í heimsókn

Eldfell Innovation IVS aðstoðar Hótél og gististaði m.a. við að:

- Innleiða og setja upp bókunar og bókhaldskerfi
- Innleiða sjálfvirknivæðingu verkferla s.s. sjálfsafgreiðslu við inn og útskráningu, upplýsingastjórnun og sölu ýmissa ferða og viðburða.
- Þjónusta og aðstoða við lausn ýmissa vandamála sem geta komið upp í verk eða kerfisferlum og greina vandamálin hvort þau séu mannlegs eða kerfislegs eðlis, svo hægt sé að finna skjóta úrlausn á þeim.
- Greina og bjóða út verkferla, sem hægt er að útvista s.s. þríf, næturvörslu, bókunarþjónustu, bókhald, fjárstýringu o.fl.
- Kostnaðarmeta innleiðingu nýrra kerfa.